

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 27. stjórnarfundar, haldinn 3. maí, 2024 í Borgartúni 26, kl. 11:20-13:15.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson og Dagný Lís Davíðsdóttir sátu fundinn undið lið 2.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir

Fundargerðir 22.- 26. fundar samþykktar.

2. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 15 fasteignum í Grindavík. Um er að ræða eignir sem fyrr í ferlinu töldust þurfa nánari skoðun vegna byggingarstigs, fjölgunar fermetra frá 10. nóvember 2023 eða nýlegra eigendaskipta þar sem kaupverð var umtalsvert lægra en 95% af brunabótamati. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í öllum tilvikum. Í sjö tilvikum voru kaup samþykkt með fyrirvara um að uppfærsla á byggingarstigi verði frágengin fyrir kaup. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

3. Önnur mál

Rætt um þá hækkun brunabótamats sem tók gildi 1. maí sl. og áhrif hennar á verð þeirra eigna sem búið var að samþykkja kaup á í apríl en ekki hefur verðið gerður kaupsamningur vegna. Samþykkt að kaupverð hækki sem nemur hækkuninni á brunabótamatinu. Næsti stjórnarfundur verður 7. maí kl. 12:00 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 13:15.

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir